

Fundargerð háskólaráðs

356. fundur föstudaginn 23. janúar 2015

fundaherbergi 262, Borgum kl. 14.10-16.40.

Rektor Eyjólfur Guðmundsson setti fund kl.14.10 og bauð háskólaráðsfulltrúa velkomna.

Mættir voru auk hans:

Kristín Ástgeirsdóttir fulltrúi menntamálaráðherra
Hermína Gunnþórsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins
Hjörleifur Einarsson fulltrúi háskólasamfélagsins
Berglind Ósk Guðmundsdóttir fulltrúi nemenda
Svanfríður I. Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs

Aðrir mættir:

Úlfar Hauksson forstöðumaður
Árún Kr. Sigurðardóttir forseti heilbrigðisvísindasviðs
Ögmundur Knútsson forseti viðskipta- og raunvísindasviðs
Sigrún Magnúsdóttir gæðastjóri
Ólína Freysteinsdóttir verkefnisstjóri
Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors

Forföll: Hjalti Jón Sveinsson varafulltrúi háskólaráðs

Rektor setti fund og kynnti dagskrá.

1. Fundargerð síðasta fundar, mál til kynningar

Fundargerð 355. var borin upp og samþykkt.

2. Rekstur, niðurstaða 2014 og horfur í rekstri 2015

Úlfar greindi frá því, að niðurstaða ársins verður innan áætlunar, og gerði hann nánari grein fyrir því. Endanleg niðurstaða mun liggja fyrir innan skamms.

3. Samþykkt rekstraráætlunar 2015

Lögð var fram rekstraráætlun Háskólans á Akureyri fyrir árið 2015.

Áætlunin tekur mið af samþykktu námsframboði á árinu 2015, fyrirbyggjandi kjarasamningum og forsendum fjárlaga um þróun launa og verðlags svo og óbreyttum skrásetningargjöldum. Framkvæmdastjórn hefur fjallað ítarlega um áætlunina og samþykkt hana fyrir sitt leyti. Heildarútgjöld háskólans án undirstofnana eru áætluð kr. 1.753.059.323,- en heildartekjur eru áætlaðar kr. 1.753.950.000,- og rekstrarafgangur því kr. 890.677,- Háskólaráð samþykkti áætlunina.

4. Úthlutun rannsóknarmissera 2015-2016

1412083

Ólína kom á fundinn.

Gerði hún grein fyrir tillögu rannsóknarmisseranefndar um úthlutun rannsóknarmissera 2015-2016. Fimm umsóknir bárust, þar af voru þrjár sem uppfylltu ekki skilyrði reglna um úthlutun. Lagt er til að hinum umsækjendunum verði úthlutað misserum í samræmi við umsóknir: Jóhann Örylgsson prófessor, haust 2015 og vor 2016, og Ragnheiður Harpa Arnardóttir dósent, haust 2015 og vor 2016.

Háskólaráð samþykkti þetta.

Umræða varð um reglur um rannsóknarmisseri. Rektor var hvattur til að skoða niðurstöðu rannsóknarmisseranefndar í ljósi umræðnanna. Háskólaráð felur rektor að endurskoða reglur um rannsóknarmisseri m.t.t. umræðna á fundinum.

Ólína fór af fundinum.

5. Úthlutun úr rannsóknasjóði HA

1412044

Hjörleifur gerði grein fyrir vinnulagi stjórnar rannsóknasjóðs. Stjórnin hefur vísindalegt gildi verkefna sem leiðarljós við forgangsriðun til úthlutunar. 26 umsóknir bárust og sótt var um samtals 31,5 mkr. Lagt er til að úthlutað verði til 22ja verkefna, samtals kr. 14.090.000. Háskólaráð samþykkti tillögurnar.

Rætt var um starfsemi og stefnumótun við úthlutun úr rannsóknasjóði Rektor mun halda áfram viðræðu við formann stjórnar rannsóknasjóðs um þau efni.

6. Umsókn um heimild til að bjóða upp á doktorsnám – til samþykktar

1302059

Sigrún, Árun, Ögmundur og Úlfar sátu fundinn undir þessum lið.

Rektor gerði grein fyrir uppbyggingu umsóknarinnar. Í gæðaráði og framkvæmdastjórn liggur fyrir almennt samþykki fyrir umsókninni.

Gerði rektor grein fyrir þeirri stefnumörkun sem felst í umsókninni og því, hver skuldbinding háskólans verður þegar heimild til doktorsnáms er fengin. Háskólaráð samþykkti einróma umsókn um heimild til að bjóða upp á doktorsnám við HA. Var því fagnað með lófataki.

7. Verkefni háskólaráðs 2012-2014 – yfirlit

1501060

Rektor ræddi nokkur mál sem háskólaráð hefur fjallað um og næsta háskólaráð mun halda áfram að vinna að. Umræða varð. Bent var á styrkleika háskólans á ýmsum sviðum sem birtist í meðal annars í árangri í fjármálum, útkomu úr gæðaúttekt, og lyktum kærumáls vegna ráðningar forseta hug- og félagsvísindasviðs.

Svanfríður þakkaði fyrir samstarfið í háskólaráði og fór af fundinum.

8. Breytingar á reglum nr. 387/2009 fyrir Háskólann á Akureyri

1501061

Rektor gerði grein fyrir breytingunum. Nýmæli er að ráðningartími forseta fræðasviða verður fjögur ár í stað tveggja áður. Einnig taka reglurnar nú til KHA – kennslumiðstöðvar HA.

Aðrar breytingar eru vegna áður samþykkttra nafnabreytinga, sem og skipulagsbreytinga sem varða starfseiningar undir háskólaskrifstofu

Háskólaráð samþykkti breytingarnar.

9. Önnur mál

Skjalagerð – rektor vinnur með nemendum að því máli.

Kennslumiðstöð – hún þjónar nemendum og kennurum, skýr fyrir mæli óskast þar um.

Rektor þakkaði fyrir samstarfið með háskólaráði. Fulltrúar í háskólaráði þökkðu og sendu fyrirverandi rektor, Stefáni B. Sigurðssyni, þakkir og kveðjur. F. sl. kl. 16.40.